

Alþingi
Erindi nr. P 136/1320
komudagur 19. 3. 2009

Umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um tillögu tii þingsályktunar um framleiðslu köfnunarefnisáburðar (þskj. 118)

Til: Nefndasviðs Alþingis
Frá: Landbúnaðarháskóla Íslands

15.03.2009

Tillaga til þingsályktunar um framleiðslu köfnunarefnisáburðar (þskj. 118), 110. mál

Þetta málefni, að taka aftur upp framleiðslu köfnunarefnisáburðar á Íslandi, hefur verið til talsverðrar umræðu meðal bænda og samtaka þeirra, og eins hafa ýmiss samtök og sveitarfélög haft áhuga á málinu.

Orkuverð er líklega stærsti breytilegi kostnaðarliður við framleiðslu N-áburðar, en gera má ráð fyrir orkuþörfin sé nálægt 20 kWst fyrir hvert kg N, en verðlistaverð fyrir hvert kg N er um 200 kr. +vsk.

Landbúnaðarháskóli Íslands telur mjög þarft að gera vandaða könnun á möguleikum og hagkvæmni köfnunarefnisáburðarframleiðslu á Íslandi sem geti verið grundvöllur ákvarðana í þessu efni, bæði með tilvísun til framleiðslukostnaðar bívöru og ekki síður matvælaöryggis þjóðarinnar.



F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands
Ágúst Sigurðsson rektor